

“Góðir hlutir gerast” Fagvitund í fyrirrúmi

Nóv. 2010 14. tlb

Kæru formenn

Við bjóðum nýja deild velkomna í hópinn. Lambdadeildin var stofnuð 28. október og er afar ánægjulegt að fá þessar flottu konur í samtökin. Útbreiðslunefndin átti veg og vanda að stofnun deildarinnar og eru henni þökkúð óeigingjörn störf fyrir samtökin. Nokkrir fyrrverandi forsetar landssambandsins og nokkrir formenn deilda og nefnda voru viðstaddir. Fjöldi deilda sendi nýrri deild hlýjar kveðjur og einnig komu góðar kveðjur frá alþjóðaförseta, fyrrverandi forseta og fleiri aðilum erlendis frá.



Nokkrar deildir eru að taka inn nýjar konur og er gaman að sjá hve öflug samtökin eru þegar þau fagna 35 ára tilvist á Íslandi. Við bjóðum allar nýjar konur velkomnar í hópinn og hlökkum til samstarfs.

Fréttabréfið kemur út í nóvember, Alfadeildin heldur málþing, gönguhópurinn heldur áfram göngu sinni þriðja þriðjudag í mánuði kl. 17:30 frá Perlunni. Nefndir landssambandsins fara á stjá og sinna sínum verkefnum. Tímabil okkar er senn á enda, timinn liður svo fljótt.

Upplýsingar

Til hamingju Alfadeild

Alfadeildin á afmæli 7. nóvember. Alfakonur halda upp á afmælið með málþingi í Þjóðmenningarhúsinu 13. nóvember kl. 11-14. Þær opna þennan atburð öllum félagskonum og biðja þær vinsamlega að skrá sig. Ég hvet allar DKG systur til að koma og fagna um leið 35 ára sögu DKG samtakanna á Íslandi.

Til hamingju allar DKG systur



GoToMeeting Gjaldkerar og landssambandsstjórnin hafa fundaði í gegnum þennan búnað. Ef nefndir eða hópar innan samtakanna vilja nýta sér þennan fjarfundabúnað þá skulið þið hafa samband við mig. Fundur fyrir vefumsjónarmenn mun verða 16. nóvember og bið ég ykkur um að senda mér nafn og netfang þeirra sem fyrst.



Schools for Africa. Við erum komnar í samstarf við UNICEF á Íslandi um að styrkja verkefnið Schools for Africa. Það þýðir að bæði einstaklingar og deildir geta gefið fé í verkefnið í samtökin okkar.

Gönguhópur Ef konur vilja skrá sig í gönguhópinn og fá síðan áminningu um göngudaginn, þá geta þær sent mér póst á ij@host.is

Minnið konur á að þær geta skráð sig á póstlista um að fá fréttir, neðst til vinstri á aðalvefsíðu okkar.



Til framkvæmda

Skila félagsgjöldum til landssambandsgjaldkera fyrir 10. nóvember.
Senda nöfn og netföng vefumsjónarmanna deilda til forseta fyrir 7. nóvember.

November 2010						
Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30					


Á döfinni:

- 7. nóv Afmæli Alfadeildar
- 7. nóv Skila nöfnum vefumsjónarmanna
- 13. nóv Málþing Alfadeildar
- 16. nóv Gönguhópurinn
- 16. nóv Veffundur vefumsjónarmanna

Desember 2010						
Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

Eindagar

Félagsgjald, kr 7500,- þarf að berast gjalkera deilda fyrir
31. október
og gjaldkera landssambands fyrir **10. nóvember**



Með systrakveðju,

Ingibjörg Jónasdóttir
landssambandsforseti DKG